

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Hrunalaug í landi Áss.

Deiliskipulagið tekur til landspildu um Hrunalaug. Í skipulaginu felst m.a. að skilgreindir eru tveir byggingarreitir innan svæðisins, byggingarreitur A og B. Á byggingarreit A er heimilt er að byggja tvö þjónustu- og salernishús. Stærð hvors húss má vera allt að 150 m² og hámarksmanishæð 3 m frá gólfplötu. Á byggingarreit B er gert ráð fyrir skiptiaðstöðu fyrir laugina að hámarki 50 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 15. febrúar 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 24. apríl 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.